

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skafthreppur urðun Stjórnarsandur



Dags eftirlits	18.9.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Skafthreppur urðun	Eftirlitsmaður	
Heimili	Klausturvegur 15	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480690-2069	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jóna Björk Jónsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru skráð og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skráningar og skiladaga skv. því.

Skráningar á magni úrgangs fyrir árið 2016 hafa borist Umhverfisstofnun, tekið var við 197 tonnum til urðunar skv. skýrslu um magn úrgangs. Íslenska gámafélagið rekur urðunarstaðinn og sér um alla móttöku og skráningu úrgangs. Eftirlit með því sem kemur inn á staðinn er því í höndum Íslenska gámafélagsins. Íslenska gámafélagið rekur einnig gámasvæði sveitarfélagsins sem er staðsett við afleggjarann að urðunarstaðnum. Búið er að malbika gámasvæðið og koma því í snyrtilegt horf en töluvert hefur verið um að úrgangur hefur verið skilin eftir þar sem ekki á heima á svæðinu. Rætt var um í eftirlitinu að ákveðin hættu væri á að sá úrgangur myndi færast frá gámasvæðinu og yfir á urðunarstaðinn eftir að búið væri að girða gámasvæðið.

Undanfarin ár hafa verið skráð þónokkur frávik vegna umgengni, óreiðu og úrgangs sem ekki er heimilt að geyma á svæðinu. Í maí 2016 var samþykkt úrbótaáætlun frá rekstraraðila þar sem fram kemur að úrgangur sem ekki er heimilt að geyma á svæðinu verði fjarlægður, verklagsreglur um móttöku úrgangs verði yfir farnar og unnið að því að bæta skipulag og aðskilnað á svæðinu. Búið er að fjarlægja dekk sem voru á svæðinu. Einnig var búið að fjarlægja að mestu brotajárnshaug sem var á svæðinu en í honum er m.a. þónokkuð af dekkjum, ökutækjum og raftækjum sem ekki er heimilt að geyma á svæðinu. Einungis á eftir að fjarlægja brotajárn sem er að hluta til grafið í sandinn og hvetur eftirlitsaðili til að það verði gert sem fyrst.

Í síðasta eftirliti var skráð frávik vegna vanskila á eftirlitsmælingum. Rekstraraðili skilaði eftir það skráningum fyrir árið 2016 og búið að gera mælingarnar fyrir árið 2017. Minnt er á að skila á inn eftirlitsmælingum fyrir 1. október ár hvert.

Engin mengunaróhöpp eða slys hafa orðið síðan í seinasta eftirliti. Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila.

Farið var í skoðun á urðunarstaðnum í fylgd Kristjáns Sumarliða Guðmundssonar. Svæðið er afgangur með fjárheldir girðingu og hægt er að læsa hliðinu inn á staðinn. Ágætis skipulag var á svæðinu. Timburhaugur var töluverður og geymdur á afmörkuðu svæði. Kurlað timbur er m.a. notað í yfirlag á urðunarreinum. Urðunarreinar voru allar bygðar með þekjuefni og virtist skipulag urðunar vera með ágætum. Gámur fyrir slátur úrgangur er á svæðinu. Ekki voru greinileg ummerki um fok á svæðinu.

ANNAÐ

Minnt er á að rekstraraðila ber að setja sér umhverfismarkmið og vinna skv. þeim.

Reykjavík, 23.10.2017

starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir